

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

26. janúar 2026
UOS2501621/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3. desember 2025 – ID 25

Þann 3. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit með aflögðum urðunarstað Ísafjarðarbæjar við Klofning. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar, sbr. gr. 1.7, og skila niðurstöðum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur ekki skilað skráningum vegna ársins 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits